

sem hægt er að læsa og aflæsa frá báðum vinnureitum flugmanna og hannaðar til að standast kröfur JAR 26.260. Hurðir skulu hannaðar þannig að þær séu ekki til trafala við neyðarrýmingu sbr. JAR 26.260.

c) Í öllum flugvélum sem eru búnar hurð að stjórnarklefa sbr. b-lið:

1) skal hurð vera lokuð áður en hreyflar eru ræstir fyrir flugtak og skal læst í samræmi við flugverndarreglur og verklag eða samkvæmt ákvörðun flugstjóra þar til hreyflar hafa verið stöðvaðir eftir landingu, nema þegar telja má nauðsynlegt að þeir sem til þess hafa leyfi komist inn eða út úr stjórnklefanum, í samræmi við Flugverndar-áætlun Íslands.¹

[JAR-OPS 1, Breyting 6 útg. 1.8.2003]

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með vísan til 2. mgr. 70. gr., 145. gr. og IX. kafla laga um loftferðir nr. 60/1998 ásamt síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Samgönguráðuneytinu, 30. október 2003.

Sturla Böðvarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.

1) Í gr. 7.9 (séríslenskt ákvæði) í I. hluta reglugerðar þessarar er þjóðarregla til viðbótar við 1. tl. c-liðar JAR-OPS 1.1255 Flugvernd í stjórnklefa sem hljóðar svo: 2. Setja skal upp búnað til þess að unnt sé að vakta, frá vinnureitum flugmanna svæðið fyrir framan stjórnklefa eins og nauðsynlegt er til að bera kennsl á þá sem vilja komast inn í stjórnklefan og skynja grunsamlega hegðun eða hugsanlega hættu. Þar sem ekki verður komið við búnaði samkvæmt framangreindu skal flugrekandi koma á verklagi sem flugmálayfirvöld geta fallist á til að tryggja að óviðkomandi aðili komist ekki inn í stjórnklefa þegar hurðin er opnuð.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 156/2003, um rannsóknarnám við félagsvísindadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

Við 1. gr. reglnanna bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Heimilt er að fela sérstakri námsnefnd að fara með málefni náms á tiltekinni námsleið skv. reglum þessum. Sé þessi heimild nýtt skulu umboð og verkefni námsnefndar bókuð í fundargerð deildarfundar.

2. gr.

Aftan við 1. mgr. 4. gr. reglnanna koma tvær nýjar málsgreinar svohljóðandi:

Heimilt er að binda inntöku í námið við að fyrir liggi yfirlýsing vinnuveitanda nemandans um samþykki við því að nemandinn stundi námið samhliða starfi.

Umsækjendur um starfstengt meistaranám í félagsráðgjöf skulu hafa lokið starfsréttindanámi í félagsráðgjöf og búa yfir starfsreynslu skv. nánari ákvörðun deildar.

3. gr.

Fyrsti málsliður 5. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Meistaránám og hliðstætt nám við félagsvísindadeild er 60e – fjögur misseri – eða tvö ár. Starfstengt meistaránám getur þó verið 45e samkvæmt nánari ákvörðun deildar, enda búi nemendur sem stunda slíkt nám yfir reynslu og þekkingu sem jafna megi til hagnýtrar þjálfunar sbr. 1. mgr. 6. gr. reglnanna.

4. gr.

Við upptalningu lærdómstítla á meistarastigi í 17. gr. reglnanna bætist: *Master of Social Work (MSW)*.

5. gr.

Reglur þessar, sem hlotið hafa staðfestingu háskólaráðs að tillögu félagsvísindadeildar, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999, um Háskóla Íslands og 68. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 7. nóvember 2003.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 369/2003, um Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins.

1. gr.

27. gr. reglugerðarinnar orðast svo:

Reikningsár ÁTVR er almanaksárið. Um bókhald, gerð ársreiknings og endurskoðun gilda lög nr. 145/1994, um bókhald, og eftir því sem við geta átt lög nr. 88/1997, um fjárreiður ríkisins, og lög nr. 86/1997, um ríkisendurskoðun. Stjórn og forstjóri ÁTVR staðfesta ársreikning að lokinni endurskoðun.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 14. gr. laga nr. 63/1969, um verslun með áfengi og tóbak, með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 12. nóvember 2003.

F. h. r.

Baldur Guðlaugsson.

Elmar Hallgríms.